

GJALDSKRÁ

um handsömun hrossa og sauðfjár í Akureyrarbæ.

1. gr.

Við handsömun hross eða hrossa, í bæjarlandi Akureyrarbæjar skal innheimta gjald hjá umráðamanni að lágmarki kr. 30.000 fyrir hvert útkall.

Ef kostnaður reynist hærri, t.d. vegna fjölda hrossa eða annarrar aukinnar vinnu við handsömun, er Akureyrarbæ heimilt að hækka gjaldið til samræmis við útlagðan kostnað við handsömun.

2. gr.

Við handsömun sauðfjár, í bæjarlandi Akureyrarbæjar skal innheimta gjald hjá umráðamanni að lágmarki kr. 30.000 fyrir hvert útkall.

Ef kostnaður reynist hærri, t.d. vegna fjölda sauðfjár eða annarrar aukinnar vinnu við handsömun, er Akureyrarbæ heimilt að hækka gjaldið til samræmis við útlagðan kostnað við handsömun.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísun til heimildar í 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Gjaldskráin tekur gildi við birtingu. Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar 15. desember 2021.

F.h. Akureyrarbæjar, 15. desember 2021,

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður/persónuverndarfulltrúi.